

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/862**2021/EES/74/09**

frá 28. maí 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að bæta nýrri tegund EB-áburðar við í I. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 31. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framleiðandi vatnslausnar kalíumformats sendi framkvæmdastjórninni beiðni, fyrir milligöngu sænskra yfirvalda, um að bæta efninu við sem nýrri tegund áburðar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Vatnslausn kalíumformats var þróuð til að blöð plantna sem hafa mikla þörf fyrir þetta aðalnæringarefni, s.s. aldin og grænmeti, geti frásogað kalíumið betur.
- 2) Vatnslausn kalíumformats, eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð, uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003. Því ætti að færa efnið inn í skrána yfir EB-áburðartegundir í I. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 190, 31.5.2021, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 282/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

Í töflunni í lið C.1 er eftirfarandi færslu bætt við á eftir færslu 7:

„8	Vatnslaun kalíumformats	Vara sem er framleidd með því að láta kalíumhýdroxíð, formaldehýð, bútýraldehýð og maurasýru hvarfast og síðan aðskilnaður og uppgufun	50% kalíumformat 28% K ₂ O Kalíum, gefið upp sem vatnsleysanlegt K ₂ O 27% format		Vatnsleysanlegt kalíumoxíð“
----	-------------------------	--	--	--	-----------------------------